Póstáritanir

Almennur bréfapóstur er allur póstur sem áritaður er á nafn viðtakanda, vegur innan við 2 kg og er ekki umfangsmeiri en almenn stærðarmörk póstlúgu. Engin ábyrgð er tekin á almennum bréfum og þau eru ekki rekjanleg.

Frímerki

Frímerki eða önnur gjaldmerki eiga að vera í efra hægra horni umslags að framan. Miða sem tilgreinir hvort um er að ræða A- eða B-póst ber að líma á umslagið þar sem hann sést greinilega.
Almenn bréf innanlands 0–50 g er hægt að senda í A- eða B-pósti. Ef ekki er límdur A- eða B-miði á umslagið er það meðhöndlað sem A-póstur.
Almennur bréfapóstur er allur póstur sem áritaður er á nafn viðtakanda, vegur innan við 2 kg og er ekki umfangsmeiri en almenn stærðarmörk póstlúgu. Engin ábyrgð er tekin á almennum bréfum og þau eru ekki rekjanleg.

Pósthólf

Pósthólf eru á flestum pósthúsum. Hægt er að leigja pósthólf og fær viðskiptavinurinn þá póstinn afhentan í pósthólf. Ef viðtakandi vill fá bréfið afhent í pósthólf er númer pósthólfsins ritað í stað heimilisfangs og póstnúmer pósthólfsins ritað í stað póstnúmers bæjarfélagsins þar sem við á.
Gjaldmerki skal líma/stimpla í efra hægra horn bréfsins utanáskriftarmegin. Ef innihald bréfsins er viðkvæmt og ekki má brjóta umslagið saman til að koma því í póstkassa er mikilvægt að merkja sendinguna með áletruninni „Má ekki brjóta/Do not fold“ neðst í hægra horni bréfsins.

Utanáskrift

Pósturinn dreifir árlega tugum milljóna sendinga af öllum stærðum og gerðum. Til þess að pósturinn komist sem fyrst á ákvörðunarstað skiptir utanáskrift með réttum upplýsingum miklu máli. Mikilvægt er að rita nafn ákvörðunarstaðar (kemur á eftir póstnúmeri) í hástöfum (upphafsstöfum).

Áritun til Evrópu

Árita skal nafn viðtakanda í nefnifalli hægra megin við miðju utanáskriftarmegin. Fyrir neðan er ritað götuheiti og númer, þar fyrir neðan kemur svo póstnúmer og heiti borgar eða bæjar sem rita skal með hástöfum. Í neðstu línu kemur nafn móttökulandsins sem rita skal í hástöfum á tungu sendilands eða á ensku.

Áritun innanlands

Póstfang viðtakanda skal rita á svæði sem er a.m.k. 4 cm fyrir neðan efri brún bréfsins að framan og a.m.k. 1,5 cm frá vinstri hlið, a.m.k. 4 cm frá hægri hlið og 2,5 cm frá neðri brún. Á svæðinu skulu ekki vera aðrar upplýsingar en þær sem tengjast beint póstfangi viðtakanda.

Flutningstími bréfa til útlanda

Bréf til útlanda getur farið sem A- eða B-póstur eftir því hversu hratt er óskað eftir að hann verði borinn út í móttökulandi.
Mikilvægt er að merkja bréf til útlanda með A- eða B-miða á greinilegum stað utanáskriftarmegin til að tryggja að bréfin fái rétta meðhöndlun.

Póstbox

Póstbox er ný leið til að nálgast pakka hvenær sem er, alla daga ársins og kostar ekkert aukalega.

Nú er einnig hægt að sækja ePóst appið til að skrá sig í Póstbox og nýta þjónustuna í símanum og spjaldtölvunni. Hægt er að sækja ePóst appið fyrir IOS og ePóst appið fyrir Android. Það kostar ekkert aukalega að sækja pakka í póstbox. Þegar pantaðar eru vörur á Netinu og óskað er eftir að fá þær afhentar í Póstboxið skrifar viðkomandi P-númerið sitt og orðið „Póstbox“' í reitinn fyrir heimilisfang og póstnúmerið er tilgreint þar sem Póstboxið er staðsett.

Heimild: http://www.postur.is. Sótt 16. júlí 2016.